

UMRÆÐAN

Af því bara

Ragnheiður Gestsdóttir
skrifar um skólamálið

EITT sinn var ég að undirbúa kennslu vetrarins með öðrum kennara. Við höfðum ekki unnið saman áður og hann var svolítið afsakandi þegar hann sagði að sér fyndist best að byrja alveg á byrjuninni, sem sé að spyrja sjálfan sig um tilgang þess að hafa börnin í skólanum þessa tíma sem við ættum að bera ábyrgð á þeim. Ég var himinlifandi yfir þessari nálgun. Mér finnst nauðsynlegt að staldra við öðru hvoru og vega og meta það sem þykir sjálfsagt og allir eru löngu hættir að spyrja sig um. Spurninga eins og til hvers börnin séu yfirleitt í skóla.

Pótt íslenskur grunnskóli sé á margan hátt vel á vegi staddur er of margt í skólamálið sem afgreitt er með svörum sem við þekkjum úr bernsku okkar: Af því bara. Af hverju viðgengst að fluglæs börn séu látin sitja undir stafa-kennslu og eigi svo að lesa óteljandi texta sem eru langt undir lestraragetu þeirra? Af því bara. Af hverju eru börn enn látin skrifa stafsetningaræfingar þar sem snúnunum orðum er hrúgað saman í setningar sem voru torskildar fyrir þrjátíu árum og óskiljanlegar nútímabörnum? Af því bara. Af hverju er í öðru orðinu talað um einstaklingsmiðaða kennslu en í hinu gert ráð fyrir að allir þurfi að til-einka sér sama námsefnið? Af því bara.

Ég er orðin leið á afþvíbara-skólanum. Ég tel að nemendur og foreldrar eigi skýlausan rétt á ýr-ustu fagmennsku í skólastarfinu. Það þýðir að starfið eigi sífellt að endurmeta í takt við nýja vitneskju og aðstæður. Engar lausnir eru endanlegar og heldur ekki ásættanlegar ef eina röksemdin fyrir valinu er að svona hafi alltaf verið gert. Skólar eru íhaldssamar stofnanir og samræmd próf prísvar á grun-

skólastiginu hafa eflaust orðið til þess að meiri tregða er til breyttinga. Þegar álag eykst þykir mörgum best að halda sig við það sem þeir þekkjá.

Að sjálfsögðu ber að geta þess að víða er unnið frábært starf í skólum landsins. Ég hef heimsótt marga skóla á undanföllum árum og fyllist oft gleði yfir því sem ég sé. En hitt er þó of algengt, að mér finnst ég ganga áratugi aftur í tímann og sýnist að fátt hafi breyst. Veröldin utan skóla-stofunnar hefur breyst, þekking okkar á greind og þroskaferli barna hefur breyst. Því hlýtur skólinn líka að þurfa að breytast.

Skólarnir vita líka að breytinga er þörf. En eins og annars staðar í nútímabjórðfélagi hneigjast sumir til skyndilausna. Kaupum pakka sem leysir málið. Komum í veg fyrir

einelti með því að taka upp skóla-búninga. Tökum upp agastýringarkerfi frá Ameríku og leysum agavandamálin. Aðskiljum drengi og stúlku til að leysa jafnréttismálin. Skiptum í hraðferðar- og hægferðarhópa til að mæta einstaklingsþörfunum. Málið er afgreitt.

En þetta er ekki svona einfalt. Einelti hverfur ekki við að allir gangi í sams konar fötum. Rætur vandans liggja dýpra en svo. Agavandamál verða ekki leyst öðru vísi en að rækta með börnunum sjálfs-aga sem tengist sjálfsmynd þeirra og vellíðan. Flokkun eftir kynjum getur kallað fram yfirborðskenndar staðalmyndir kynjanna; strákar eru svona, stelpur svona. Skipting eftir getu er afturhvarf til fortíðar þegar mjög einhæf sýn á mannlega greind var ráðandi. Kennsla og uppeldi er flókið ferli. Skyndilausnir eru ekki til – bara ást, alúð, virðing, víðsýni, þolinmæði.

Skólaskylda er tvíhliða samkomulag skólans og forráðamanna fyrir hönd nemendanna; foreldrar senda börnin sín í skólann og sjá um að þau skili því sem þeim ber, skól-

» Mikið skortir enn á að hæfileikar hvers og eins fái að njóta sín, að skólinn leiti að styrk hvers nemanda í stað þess að einblína á veikleika hans.

inn á að uppfylla sinn hluta með því að bjóða lögboðna fræðslu sem sniðin er að þroska barnanna. Ég er orðin leið á því að skólar komist upp með að sleppa kennslu í ákveðnum greinum, þá helst list- og verkgreinum, eða skera hana svo við nögl að lítið gagn er að henni. Ef skólinn segir að ekki sé hægt að veita árganginum lögboðna tónmenntakennslu í ár, get ég þá ekki líka sagt að barnið mitt geti ekki mætt á föstudögum? Ég er líka orðin langeyg eftir því að skólinn sjái sér fært að uppfylla ákvæði grunn-skólaganna um kennslu við hæfi nemenda. Það er ekki einstaklingsmiðað kennsla að allir læri allt það sama og á sama hátt, bara mishratt. Mikið skortir enn á að hæfileikar hvers og eins fái að njóta sín, að skólinn leiti að styrk hvers nemanda í stað þess að einblína á veikleika hans.

Varla er hægt að segja að umræða um skólamálið á Íslandi sé frjög og málefnaleg. Hún blossar upp öðru hvoru og þá helst þegar íslensk börn standa sig ekki nógu vel í alþjóðlegum könnunum, lesa ekki eins vel og Finnar eða reikna ekki eins vel og börnin í Singapur. Þess á milli er fátt sagt og skólastarfið gengur sinn vanagang – af því bara. Ég lýsi eftir heitri umræðu, um það sem skiptir meira máli en flest annað í okkar þjóðfélagi, um börnin okkar, menntu þeirra og líðan á sínum lögboðna vinnustað. Segið endilega að ég hafi rangt fyrir mér, að skólinn sé lifandi, skapandi og skemmtilegur. Eða nefnið dæmi um stöðun og afturhald. Hvort tveggja er örugglega satt og rétt. Ef til vill finnst ykkur að skólinn eigi ekki að breytast, að hann eigi að standa sem traust og óhagganlegt vígi í straumi tímans. Segið það þá. Skrif-ið um skólamálið!

Höfundur er rithöfundur, kennari og námsefnishöfundur, móðir og amma.

Varið land og brottför varnarliðsins

Þorsteinn Sæmundsson skrifar um varnir Íslands og svarar grein Emils Thorarensen

EMIL Thorarensen framkvæmdastjóri ritar grein í Morgunblaðið 21. júlí undir fyrirsögninni „Sjaldan launar kálfur ofeldið“. Greinin fjallar um það mikla og góða starf sem Framsóknarflokkurinn hafi unnið fyrir land og þjóð og eigi drýgstan þátt í þeirri miklu velsæld sem Ísland er búin nú við. Þrátt fyrir þetta hafi allir formenn Framsóknar mátt sæta persónulegum árásum og svívirðingum andstæðinganna á ómaklegan hátt og sé það áreiti með ólíkindum.

Ég myndi ekki blanda mér í þessa umræðu ef ekki vildi svo til að Emil lætur falla nokkur orð um þá sem stóðu að undirskriftasöfnun Varins lands, en sjálfur var ég í þeim hópi. Emil segir:

„Ísland átti auðvitað fyrst og fremst að vera vörn og fyrsta skotmark ef til árásar á Bandaríkkin kæmi. Enda hafa engir talsmenn Varins lands sig í frammi um þessar mundir þegar herinn hefur verið kvaddur heim og fjöldi Íslendinga er, vegna þess, að missa atvinnuna fyrirvaralaust. Hvar eru þessar íslensku hækjur Bandaríkjamanna núna? Auðvitað í felum og velja að þögnin geymi nöfn sín.“

Eitt er það sem ekki breytist þótt árin líði, en það er orðbragð andstæðinga Varins lands. Ummæli Emils Thorarensens mega að vísu heita mildileg miðað við þær formælingar sem forvígismenn Varins lands máttu þola á sínum tíma. En það er óneitanlega einkennilegt að lesa þessi ummæli Emils í beinu framhaldi af kvörtun hans yfir ómaklegum árásum og svívirðingum í annarra garð.

En hvað er það sem Emil Thorarensen ætlast til af fyrrum forvígismönnum Varins lands? Eiga þeir að biðja afsökunar þá starfsmenn Varnarliðsins sem nú missa vinnuna? Ég verð að minna Emil á að undirskriftasöfnun Varins lands snerist ekki um það að varnarliðið yrði hér áfram til að halda uppi atvinnu á Suðurnesjum. Undirskriftasöfnunin 1974 beindist gegn þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar undir forystu framsóknarmannanna Ólafs Jóhannessonar forsætisráðherra og Einaris Ágústssonar utanríkisráðherra, að varnarsamningnum yrði sagt upp og herinn látinn fara. Þetta var hin opinbera stefna Framsóknarflokksins á þeim tíma. Hin mikla þátttaka í undirskriftasöfnun Varins lands sýndi að þjóðin óttaðist þessa stefnu og stefnan kom ekki til framkvæmda.

Pótt undirskriftasöfnun Varins lands snerist eingöngu um það að landið yrði ekki látið óvarið, átti hún

óneitanlega þátt í því að starfsmenn Varnarliðsins héldu atvinnu sinni áfram eftir 1974. Þeir sem áhuga hafa á atvinnuárum og peningahlíð þessa máls geta reiknað út hve marga milljarða þetta hefur fært þjóðarþúni á síðustu þrjátíu árum. Ekki hef ég heyrt nokkurn mann þakka Vörðu landi fyrir þann skerf, enda gera söguritarar nú sitt besta til að gleyma undirskriftasöfnuninni og þeim áhrifum sem hún hafði.

Þá kem ég að þeirri fullyrðingu Emils að starfsmenn Varnarliðsins hafi misst atvinnuna fyrirvaralaust. Öllum hugsaði mönnum hefði átt að vera ljóst að þörfin fyrir þessa öflugu herstöð var ekki lengur fyrir hendi eftir að Berlínarmúrinn féll og Sovétríkin liðuðust í sundur. Það verður að teljast merkilegt að Bandaríkjamenn skuli hafa haldið uppi svo mikilli starfsemi hér sem raun ber vitni í hálfan annan áratug eftir að ógnin úr austri var horfin. Þendur það ekki til nokkurrar tillitssemi við Íslendinga sem bandamenn? Og þegar herinn loksins hugsar sér til hreyfings, hver eru þá viðbrögð Íslendinga? Þeir heimita að orrustuþoturnar skuli vera hér áfram til að halda uppi „sýnilegum vörn-

um“. Enginn hefur sýnt fram á að þessar þotur gætu komið að gagni til að verjast þeim hættum sem nú steðja að í veröldinni. Var hugmyndin kannski sú að Íslendingar gætu losnað við kostnað af rekstri Keflavíkurflugvallar ef þoturnar yrðu hér áfram? Mér er ekki grunlaust um að Bandaríkjamenn hafi dregið þá ályktun og ekki vilja taka þátt í slíkum látaleik. Ef krafan um herþoturnar hefði verið lögð til hlíðar, er ekki ólíklegt að Íslendingar hefðu getað náð samningum við Bandaríkjamenn um áframhaldandi veru fámenns herliðs sem búið væri þyrlum til varnar- og björgunarstarfa. En hin óraunsæja krafa um þoturnar, sem ef til vill var mót-ud af peningasjórnarmíðum, hefur líklega spilt þeim möguleika.

Þörfin fyrir varnarlið, innlent eða erlent, verður ávallt fyrir hendi, þótt dregið hafi úr hættunni um sinn. Jón Sigurðsson, frelsishetja Íslendinga, komst svo að orði í Nýjum félagssritum árið 1843:

„Það setja sumir fyrir sig, að landið hafi engar varnir, og megi því svo fara að útlandar þjóðir veiti Íslendingum yfirgang og ofríki; segja þeir og að slíkt hafi sannast á miðöldunum á Íslandi, og beri við enn á sumum stöðum í Noregi. Því verður ekki neitað að það er hinn mest galli að engar varnir eru á landinu ... Það er allkunnugra en frá þurfi að segja, hversu mjög það dirfir menn og hvetur að kunna að fara með vopn, og að sama skapi mundi það lífga þjóðaranda og hug manna, að vita, að sá liðskostur væri í landinu að það væri ekki uppnæmt fyrir einni hleypiskútu eða fáeinum vopnuðum bófum ...“

Þessi orð Jóns Sigurðssonar eru enn í gildi, þótt tímar og tækni hafi breyst. Þau eiga sérstakt erindi til þeirra manna sem gera gys að hugmyndinni um innlent varnarlið og vilja helst hafa landið varnarlaust með öllu.

Höfundur er stjórnfræðingur og var einn af forvígismönnum undirskriftasöfnunarinnar „Varið land“.

Samstarf er lykill að lausn

Elín Thorarensen skrifar um agaleysi í skólum

Í ÁRSSKÝRSLU OECD um Ísland sem birt var nýlega benda skýrsluhöfundar á að miðað við það fjármagn sem lagt er í íslenskt skólakerfi mætti gera kröfu um betri árangur. Nota þeir útkomu í alþjóðlegu PISA rannsókninni 2003 sem viðmið. Í kjölfar birtingar skýrslunnar varð nokkur umræða um áhrif aga á námsárangur þar sem m.a. heyrðist sú skoðun að íslenskir nemendur væru agalausir og það kæmi frá heimilunum.

Uppeldi sem samvinnuverkefni

Í skólasamfélaginu hefur verið umræða um aga- og virðing-arleysi nemenda og margir foreldrar heyra börn sín kvarta yfir því að það ríki ekki nægilegur vinnufriður í skólanum. Ljóst er að foreldrar bera ábyrgð á uppeldi barna sinna og að þeim ber að kenna þeim að haga sér vel og bera virðingu fyrir öðrum. Hafa ber í huga að margir þættir hafa áhrif á hegðun barns. Rétt eins og full-orðnir geta börn hegðað sér mjög ólíkt í mismunandi aðstæðum. Nemendur dvelja drjúgan hluta dagsins innan veggja skólans og þeir þurfa að fá mjög skýr skilaboð frá kennurum og skólanum til hvers er ætlast af þeim. Þeir þurfa að vita hvaða

reglur gilda í skólanum og hvað gerist ef þær eru brotnar. Kennarinn gegnir lykilhlutverki í að stuðla að jákvæðum bekkjaranda þar sem virðing og umburðarlyndi fyrir öðrum ræður ríkjum. Agavandamál nemenda stafa oft af því að nemendur fá ekki verkefni við hæfi þannig að mjög mikilvægt er að skólinn komi til móts við þarfir og getu hvers nemanda.

Til þess þarf að skapa kennurum svigrúm sem byggist m.a. á því að bekkjardeildir séu ekki of fjölmennar og að börnunum sem greind eru með námserfíðleika eða hegðunvandamál fylgi markviss stuðningur. Samfélagið ber einnig ábyrgð á því að styðja við uppeldis- hlutverk foreldra sem er nú mun flókna en áður. Fleiri sveit-

arfélög og skólar þurfa að bjóða foreldrum upp á uppeldisnámskeið og ráðgjöf. Foreldrar og kennarar þurfa að læra að nota sömu aðferðir og gefa börnunum sömu skilaboðin. Reynslan sýnir að þar sem slík námskeið eru haldin fyrir foreldra og uppeldisstarfsfólk hefur agavandamálum fækkað í skólum.

Samstarf skiptir máli fyrir námsárangur

Margir þættir hafa áhrif á námsárangur þannig að fjármagn eitt og sér tryggir ekki góðan árangur og eins skiptir máli hvernig fjármagnið

» Fjölmargar rannsóknir sýna að samstarf heimila og skóla hefur jákvæð áhrif á námsárangur, hegðun og viðhorf nemenda.

er nýtt, fer það t.d. að mestu í ytra eða innra starf skólanna? Rannsóknir hafa sýnt að margir þættir utan skólans hafa áhrif á námsárangur s.s. viðhorf og stuðningur foreldra, jafningjahópurinn o.fl. Fjölmargar rannsóknir sýna að samstarf heimila og skóla hefur jákvæð áhrif á námsárangur, hegðun og viðhorf nemenda. Er því mjög markvisst horft til eflingar foreldrasamstarfs í mörgum löndum til þess að bæta námsárangur. Ábyrgð á samstarfi þarf að liggja hjá skólunum þar sem sýnt hefur verið fram á að foreldrar hafa sjaldan frumkvæði að samstarfi. Skólinn og skólasamfélagið þarf að bera ábyrgð á samstarfinu og fræða foreldra um hlutverk þeirra í námi barna sinna sem og hvaða ávinningss má vænta af markvissu og gagnkvæmu samstarfi. Þegar samstarf er öflugt eru foreldrar einnig tilbúnari til að koma að lausn vandamála sem upp koma. Slík samvinna foreldra og kennara leiðir til skjótari úrlausnar vandamála.


Höfundur er framkvæmdastjóri Heimilis og skóla.



Ragnheiður Gestsdóttir



Elín Thorarensen



Þorsteinn Sæmundsson

» ... það er óneitanlega einkennilegt að lesa þessi ummæli Emils í beinu framhaldi af kvörtun hans yfir ómaklegum árásum og svívirðingum í annarra garð.

Aðsendar greinar á mbl.is

www.mbl.is/greinar

Páll Jóhann Einarsson skrifar um trú og vísindi.
Gunnar Jóhannesson skrifar um trú og vísindi.
Guðjón Sveinsson: Rík þjóð en fátæk í anda.